


# 44. ÞING ASÍ

## Rafrænt þing í gegnum Zoom



Alþýðusamband Íslands



### Gott að hafa í huga

- Það er hægt að tengjast Zoom í gegnum bæði tölvur og snjalltæki, s.s. síma og spjaldtölvur.
- Mikilvægt er að vera í góðu netsambandi.
- Nauðsynlegt er að vera með hátalara/ heyrnartól. Oftast innbyggt í tölvur og snjalltæki. Einnig eiga margir lítil heyrnartól sem fylgja sínum. Þau geta nýst vel.
- Gott en ekki nauðsynlegt að vera með vefmyndavél. Oft innbyggt í tölvur og snjalltæki.
- Á fundinum eru allir sjálfkrafa settir á „mute“ til að koma í veg fyrir óþarfa hávaða. Eingöngu þingforseti getur sett hljóðið á og gerir það aðeins ef fólki er gefið orðið.

### Að tengjast fundinum

**Pú smellir á slóðina** (hlekkin) sem þú fékkst sendan í tölvupósti.

**Pú þarft að skrá þig til þátttöku** og getur gert það um leið og þú smellir á hlekkin til að taka þátt.

Þegar smellt er á hlekkin birtist **vefsíðan hér til vinstri**.

Smella á **Open Zoom Meetings**.

Ef þú ert ekki þegar með Zoom mun tölvun leggja til við þig að hlaða Zoom forritinu niður með því að smella á **download & run ZOOM**.

Við mælum með því að þið notið **Google Chrome**, **Firefox** eða **Safari** vafra.

Þegar hér er komið sögu ertu komin(n) inn á þingið. Nú þarftu að ganga úr skugga um að fullt nafn þitt og skammstöfun stéttarfélags komi fram. Þannig geta starfsmenn þingsins sannreynt að þú sért réttmætur þingfulltrúi.

Til að breyta nafni færir þú bendilinn yfir myndina af þér. Þá kemur í ljós þrípunktur efst í hægra horninu. Smelltu á hann og veldu **rename**. Síðan skráir þú nafni þitt með þessum hætti:

Nafn - Stéttarfélag (eða skammstöfun).

**Dæmi: Halla Gunnarsdóttir - ASÍ**

**Mikilvægt er að mæta tímanlega á þingið innskráning opnar kl. 8:30.**

**ATH! Það verða um 300 manns á þinginu og því rétt að hafa tímann fyrir sér.**



## Beðið um orðið

Til að biðja um orðið í almennum umræðum er farið í **Participants** neðst á skjánum og smellt á **Raise hand**.

**Þá birtist blá hönd við nafnið þitt.** Ef þú gerðir þetta óvart geturðu alltaf smellt á **lower hand**. Ef þú **sérð ekki Raise hand** er ýtt á þrípunktinn og þá birtist Raise hand.

Þingforseti sér á sínum skjá hverjir hafa beðið um orðið og í réttri röð.

Ef þú þarft að koma skilaboðum til þingforseta **ýtirðu á Chat** og getur þar skrifað skilaboð til hans. **Spjallrásin verður eingöngu opin til að koma skilaboðum til þingforseta.**

## Túlkun

Þingið fer fram á íslensku og verður taltúlkað á ensku fyrir þá sem á þurfa að halda. Taki einhver til máls á ensku verður innleggið taltúlkað á íslensku. Til að velja taltúlkun er **smellt á litla hnöttinn á stikunni neðst í zoom glugganum**. Þar er hægt að velja tungumál og verður **ensk túlkun á rás sem heitir English** og **íslensk túlkun á rás sem heitir German** (vegna takmarkana forritsins). Hægt er að smella á **mute original sound** til að heyra eingöngu í túlkinum.

## Hljóð og mynd

Í stikunni neðst í zoom glugganum **geturðu smellt á mynd af myndbandsupptökutæki** til að kveikja og slökkva á myndavélinni þinni. **Með því að smella á myndina af hljóðnemanum** geturðu valið hvaða hljóðnema þú notar og hvaða hátalara þú notar.

## Gögn þingsins


Öll gögn þingsins er að finna á **sérstökum þingvef ASÍ**. Þú ferð á **www.asi.is** og smellir á **fara á þingvef**.



Þá ferðu hingað inn og sérð öll nauðsynleg gögn í atriðalistanum efst á síðunni - **hvítur rammi**.

## Kosningar

Þegar kosning hefst mun þingforseti gera viðvart og setja **hlekk á kosningarnar í spjallgluggann**. Samhliða verður birtur **hlekkur á þingvef ASÍ sem líka er hægt notast við**. Aðeins sá hlekkur er virkur sem kosið er um í það skiptið. Ef kosið er um forseta ASÍ birtist hlekkur á kosninguna eins og sést á myndinni hér fyrir neðan.



Þegar þú hefur smelt á hlekkinn fyrir þá kosningu sem er í gangi ertu beðin(n) um að skrá þig inn með rafrænum skilríkjum eða Íslykli. **Þá opnast þessi gluggi sem eftir innskráningu opnar leið að atkvæðaseðli**. Þegar afstaða hefur verið tekin er atkvæðaseðli skilað með því að smella á **Kjósa**. Í rafrænum kosningum má kjósa eins oft og þú vilt en það er aðeins síðasta atkvæðið sem gildir.


Hægt er að auðkenna sig/skrá sig inn til að greiða atkvæði með Íslykli eða rafrænum skilríkjum á farsíma eða snjallkorti. Þetta þarf að gera fyrir hverja kosningu til að fyllsta öryggis sé gætt.

Kosningar til forseta, varaforseta og miðstjórnar fara fram samhliða öðrum dagskrárliðum og gerir þingforseti viðvart þegar þær hefjast. Gefnar verða 15 mínútur í hverja kosningu sem er ríflegur tími.

Í öðrum atkvæðagreiðslum verður einnig nýst við rafrænt kosningakerfi. Þá birtist hlekkur á kosninguna í spjallglugganum og þingforseti gerir viðvart.

## 44. ÞING ASÍ

### Rafrænt þing í gegnum Zoom



## Nánar um auðkenningu með rafrænum skilríkjum og Íslykli

**Ef þú vilt auðkenna þig með rafrænum skilríkjum** þá slærð þú inn GSM símanúmer þitt inn í svæðið **Símanúmer**. Að því loknu smellir þú á hnappinn **Innskrá**, þá koma boð í síma þinn þar sem þú ert beðin(n) um að **slá inn leylinúmer þitt**. Ef þú ert á kjörskrá þá birtist kjörseðilinn. Ef rafrænu skilríkin í símanum þínum eru óvirk má snúa sér til næsta bankaútibús til að fá skilríkin virkjuð.

**Ef þú vilt auðkenna þig með Íslykli** þá slærð þú inn kennitölu þína inn í svæðið **Kennitala** og Íslykilinn þinn inn í svæðið **Íslykill**. Að því loknu smellir þú á **Staðfesta**. Ef þú ert á kjörskrá þá birtist kjörseðilinn.

- Ef þú ert ekki með virkan Íslykil má sækja nýjan Íslykil með því að smella á **Mig vantar Íslykil**.
- Þá þarft að **slá inn kennitölu** og velja að **senda lykil í heimabanka** þar sem hann birtist undir rafræn skjöl.

## Hjálparlína

Ef þú lendir í vandræðum hringdu þá í síma 535 5600 og við reynum að leysa úr málum.